

Sþ.

408. Tillaga til þingsályktunar

um ávarpsheiti kvenna og karla.

FIm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera fram á næsta þingi frumvarp til laga um ávarpsheiti kvenna og karla, þar sem lögmælt verði, að ávarpsheiti kvenna skuli vera „frú“, en karla „herra“.

Greinargerð.

Á tungum þeirra þjóða, sem Íslendingar eiga mest skipti við, eru ávarpsheitin þrjú: eitt fyrir alla karlmenn, annað fyrir giftar konur og hið þriðja fyrir ógiftar konur. Hér á landi eru allir karlmenn, jafnt kvæntir sem ókvæntir, nefndir herrar. En við konur eru notuð mörg ávarpsheiti. Giftar konur heita „frú“ eða „húsfreyjur“, en ógiftar stúlkur „ungfrú“ eða „frökenar“. Ávarpsheiti giftra kvenna eru notuð sitt á hvað, en þó þykir orðið „frú“ virðulegra en „húsfreyja“, og er í þeim efnunum nokkuð farið eftir atvinnu og búsetu. Orðið „fröken“ er útlent og fer illa í málunum, en um „ungfrú“ er það að segja, að það fer að vísu vel sem ávarpsheiti ungra kvenna, en verður mjög óheppilegt, þegar konur fara að eldast. Engin ástæða er til að láta ávarpsheiti bera með sér, hvort persónan, sem hlut á að mál, er gift eða ógift. Gilda þar sömu rök um karla og konur. Hin erlenda tízka, að hafa mismunandi ávarpsheiti fyrir giftar konur og ógiftar, mun vera arfur frá réttleysistínum kvenna.

Bak við hin misjöfnu og tilviljunarkenndu ávarpsorð, sem notuð eru um konur hér á landi, er fólgjó allmikið réttleysi og óþarfst manngreinarálit. Íslendingar eru mjög hneigðir til jafnréttis, og hefur mikið á unnið í þeim efnunum á síðari árum. Hér er um að ræða mál, sem skiptir allar konur í landinu. Er það þess eðlis, þar sem það snertir mjög metnað kvenna innbyrðis, að vafasamt er, að konur beiti sér fyrir lausn þess á opinberum vettvangi. Nú vill svo til, að engin kona á sæti á Alþingi, og færi þá vel á, að karlmenn sainþykktu, meðan svo stendur, að gera um ávarpsheiti fullan jöfnuð með konum og körlum.